

Mánudaginn hinn 19. desember.

Nr. 40/1898 Málsmæslumaður Oddur Gíslason  
fyrir hönd verzlunar Leonhards  
Tangs í Stykkishólmi,  
gegn  
Holger Clausen.

D ó m u r :

Með afsalsbrjefi, gjörðu í Stykkishólmi 2. maí 1896, seldi hinn stefndi kaupmaður Holger Clausen áfrýjandanum, Leonhard Tang, verzlun þá í Stykkishólmi, sem stefndi hafði rekið þar nokkur undanfarin ár, og fylgdu með í kaupinu útistandandi skuldir verzlunarinnar eptir höfuðbókum hennar 28. apríl 1896. Þegar áfrýjandi, sem þá tók að reka verzlun í Stykkishólmi, fór að innheimta tjeðrar skuldir hjá skuldunautunum, kom það í ljós, að 3 skuldarupphæðir voru borgaðar, sem áfrýjandi áleit eptir höfuðbókunum að hefðu verið óborgaðar, þegar hann keypti skuldarnar. Hann höfðaði því mál á móti stefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, til þess að fá dóm yfir honum fyrir skuldarupphæðunum, kr. 31,55 + kr. 63,00 + kr. 30,00, eða samtals 124 kr. 55 aur, og lauk málinu svo með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkvæðnum 5. maí þ. á., að Holger Clausen var dæmdur til að greiða verzlun Leonhards Tangs í Stykkishólmi 2 fyrstnefndu upphæðirnar, kr. 94,55 aur, með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu verzlunar Leonh. Tangs í Stykkishólmi með stefnu, dags. 29. ágústm. þ. á., og hefur þess ver-

ið krafizt af hálfu áfrýjanda, að stefndi verði auk áminnstra 94 kr. 55 aur. ennfremur dæmdur til að greiða áfrýjanda 30 kr. með 5% vöxtum frá sáttakæruðegi til borgunardags, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum.

Stefndi Holger Clausen hefur af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu 26. september þ. á., og hefur hann aðallega gjört þá kröfu, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og sóknaradili dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum, en til vara krefst hann þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Þar eð stefndi (gagnáfrýjandi) eigi hefur lagt fram í rjettinum dómsgjörðir í gagnsókninni, verður eigi hjá því komizt að visa henni frá dómi eptir beinni kröfu áfrýjanda. En þá verður og að staðfesta bæjarþingsdóminn án frekari rannsóknar, að því er snertir þær 94 kr. 55 aur., sem hann dæmir stefnda til að greiða. En þar sem áfrýjandi enn fremur krefst dóms yfir stefnda fyrir 30 kr., sem skuld Kristjáns nokkurs Halldórssonar til verzlunarinnar í Stykkishólmi reyndist oftalin um í höfudbókunum, þá er yfirdómurinn þeirrar skoðunar, að stefndi, sem afhenti útistandandi skuldir verzlunar sinnar í einu lagi ásamt húsum verzlunarinnar og öðrum eignum, og án þess að skuldirnar væru taldar upp eða upphæð þeirra samanlögð og tekin upp í afsalsbrjefið, hafi eigi með slikri afhending tekið upp á sig neina ábyrgð á upphæð hinna einstöku skulda, að eigi kynnu að koma fyrir villur í tilfærslu þeirra í höfud-

bókunum, eins og ávalt má búast við að geti átt sjer stað. Stefndi verður þvert á móti að álitast hafa afhent skuldirnar í því ástandi, sem þær fyrirfundust, og með þeim villum, er í tilfærslu þeirra í bókunum kynnu að vera, og verður hann því eigi skyldaður til að bæta áfrýjanda upp hjer umræddar 30 kr., sem skuld Kristjáns Halldórs-sonar reyndist minni en hún taldist vera eptir höfuðbókunum. Ber því að staðfesta niðurstöðu bæjarþingsdómsins í þessu tilliti. Málskostnaðar-ákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, og þykir eptir atvikum rjett, að málskostnaður fyrir yfir-dómi falli einnig niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 44/1898:

Teitur Jónsson

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni

f. h. verzlunar Markúsar Snæ-  
bjarnarsonar.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu af Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni eptir umboði frá Markúsi kaupmanni Snæbjarnarsyni á Patreksfirði gegn Teiti bónda